

Mál nr. 136/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar fjölskyldutryggingar.

Tilkynningarfrestur vegna slyss 19. september 2011.

Gögn.

1. Málskot dags. 8. apríl 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf lögmanns M dags. 1. júlí 2015 ásamt læknisvottorði dags. 1. júní 2015.
3. Bréf V dags. 7. júlí 2015 ásamt áverkavottorði dags. 12. maí 2015.

Málsatvik.

Í málinu kemur fram að 16. apríl 2014 var tilkynnt um slys M sem átti sér stað 19. september 2011. Atvikum var þannig lýst í tjónstilkynningu: „*Er að skoða gæði trjádrumba, ca 3metra langur, heldur honum í lóðréttri stöðu, er hún missir takið og drumburinn fellur og sporreist þannig að annar endinn skýst upp á milli fóta hennar og hún lyftist upp.*“ M leitaði til lækni þremur dögum síðar og kom fram við skoðun kvensjúkdómalækni að M hafi fengið blóðgúl á skapabarm og bólgu sem hafi síðan hjaðnað næstu daga á eftir en M hvött til að hafa samband ef ástandið versni. Í vottorði dags. 1. júní 2015 kemur fram að M hafi leitað til sérfræðings vegna áverkans og hann meti það svo að hún hafi fengið húðtaugaskaða við slysaáverkann með tilgreindum afleiðingum. Í vottorðinu kemur einnig fram að sérfræðingurinn metur það svo að þær afleiðingar sem hlotist hafi af áverkanum hafi ekki orðið ljósar fyrr en rúmlega tveimur árum eftir áverkann sjálfan.

M telur með hliðsjón af gögnum málsins, þá aðallega sérfræðiáliti í læknisvottorði dags. 1. júní 2015, að hún hafi ekki vitað um atvik sem krafa hennar um bætur fyrir varanlega örorku í fjölskyldutryggingu hennar er reist á fyrr en seint á árinu 2013. Sá ársfrestur sem kveðið er á um í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi því ekki verið liðinn þegar hún tilkynnti V um tjónið þann 16. apríl 2014.

V telur að það komi fram í læknisvottorðum að einkenni M eftir tjónsatvikið í september 2011 hafi verið viðvarandi eftir það, þ.e. dofa og tilfinningaleysi. Telur V að M hafi því strax á árinu 2011 eða í síðasta lagi á árinu 2012 vitað um atvik sem krafa hennar er reist á í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. V vísar til þess að það sé einhliða frásögn M að einkenni hafi breyst um tveimur árum eftir atvikið í september 2011 og sé því ekki hægt að taka mið af þeim tímapunkti. Einnig skorar V á M að leggja fram gögn frá öllum þeim læknum sem hún hefur leitað til.

Álit.

Í málinu liggja fyrir tvö læknisvottorð, annað vegna komu M til lækni nokkrum dögum eftir tjónsatvikið og hitt er nýlegt og felur í sér umfjöllun þess sérfræðings sem M leitaði síðar til vegna einkenna sinna. Verður ekki séð að í málið vanti frekari gögn, en misskilningur virðist hafa komið upp um nafn sérfræðings þess sem M leitaði til. Við mat á því hvenær M voru atvik sem krafa hennar er reist á ljós verður að líta til þess að það liggur fyrir sérfræðiáliti um að afleiðingar áverka þess sem M fékk í september 2011 geti ekki hafa verið fullljósar fyrr en rúmlega tveimur árum eftir áverkann. Því sérfræðiáliti hefur ekki verið hnekkt með læknisfræðilegum rökum. Verður því ekki litið svo á að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þann 16. apríl 2014.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 25. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.